

STJÓRNARTÍÐINDI B 59 – 2005

9. maí 2005

843

Nr. 454

REGLUGERÐ

um rækjuveiðar á Breiðafirði 2005.

1. gr.

Á tímabilinu 11. maí til 30. júní 2005, er skipum sem eru 105 brl. að stærð eða minni og skráð eru frá höfnum á norðanverðu Snæfellsnesi og gerð þaðan út, heimilt að stunda rækjuveiðar á Breiðafirði, sunnan $65^{\circ}10'N$ og utan línu, sem dregin er réttvísandi norður frá Krossnessvita. Við veiðar á þessu svæði skal varpa skipanna búin seiðaskilju, sbr. reglugerð nr. 396, 22. apríl 2005. Afli sem fenginn er við þessar veiðar reiknast til úthafs-rækjuafla skipsins.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. maí 2005.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.